**Viðtakandi**: Borgarráð
**Sendandi**: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26090073

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN**

---

**Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um úttekt á skipulagi og þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs**

Á fundi borgarráðs þann 17. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

> *Óskað er eftir úttektinni á skipulagi og þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem unnin var 2023–2024.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. september sl.

Svar við fyrirspurn:

Ekki er til staðar úttekt á skipulagi og þjónustu velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs heldur er um að ræða heildræna greiningu sem sett var fram í glærukynningu sem unnin var af HLH ráðgjöf. Greiningin var framkvæmd vorið 2024, dagsett 18. júní 2024 og ber heitið *Rekstrarúttekt Reykjavíkurborgar - Fyrsti áfangi: Heildræn (macro) greining.* Glærukynningin telur 42 blaðsíður að forsíðu meðtalinni.

Í greiningunni er m.a. að finna útreikninga og greiningu HLH ráðgjafar sem eru ekki opinber gögn. Þá koma fram upplýsingar sem eru í raun persónugreinanlegar þar sem um er að ræða umfjöllun um þar tilgreind störf sem er á almennu vitorði hvaða einstaklingar gegna. Jafnframt telur Reykjavíkurborg að upplýsingar sem eru að finna í hluta af umræddri glærukynningu séu undanþegnar upplýsingarétti almennings á grundvelli ákvæðis 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. upplýsingalaga sem kveður á um að réttur almennings taki ekki til gagna sem útbúin eru af sveitarfélögum og varða tillögugerð þeirra varðandi fjárhagsleg málefni sveitarfélaga og ríkisins.

Samkvæmt 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eiga kjörnir fulltrúar ríkan rétt til aðgangs að gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags. Því er umbeðin greining lögð fram í borgarráði sem trúnaðarskjal og ber að meðhöndla sem slíkt af borgarráðsfulltrúum.

Reykjavík

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:
Rekstrarúttekt Reykjavíkurborgar - Fyrsti áfangi: Heildræn (macro) greining. TRÚNAÐARMÁL.

Reykjavík